



Reykjavík í maí 2006.

Dreifibréf til stjórnenda matvöruverslana, skyndibitastaða, dreifingaraðila blaða og pósts auk annarra sem hafa ungt fólk í vinnu.

Með bréfi þessu vilja Vinnueftirlit ríkisins, Vinnumálastofnun og Umboðsmaður barna vekja athygli atvinnurekenda á þeim skyldum og ábyrgð sem þeir bera gagnvart börnum og unglingum sem þeir ráða í vinnu.

Um vinnu barna og unglunga gilda lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglunga. Samkvæmt IV. kafla laganna skal atvinnurekandi tryggja að fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta sé gætt á vinnustað. Atvinnurekandi ber einnig ábyrgð á því að starfsmenn fái nægilegar leiðbeiningar og kennslu til þess að framkvæma starf sitt og hann skal upplýsa starfsmenn sína um slysa- og sjúkdómshættu sem kann að fylgja starfinu.

Undanfarið hefur borið á þeirri umræðu í Þjóðfélaginu að æ yngra fólki séu falin almenn afgreiðslustörf í verslunum eða störf á kassa. Þá hefur verið bent á að ungmenni vinni oft lengi fram eftir kvöldi á skyndibitastöðum, í verslunum og víðar og jafnframt að mörg ungmenni starfi við að bera þungar byrðar eins og við póstur og dreifingu blaða og bæklinga.

Þar sem Vinnueftirlitið annast eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum og gætir m.a. að vinnuvernd ungs fólks og umboðsmaður barna vinnur að réttinda- og hagsmunamálum barna og unglunga almennt teljum við mikilvægt að vekja athygli á þeim reglum sem gilda um ungt fólk á vinnumarkaði. Ennfremur má benda á að Vinnueftirlitið mun standa fyrir sérstöku vinnuverndarátaki í tilefni *Evrópskrar vinnuverndarviku* árið 2006 sem er helguð ungu fólki og vinnuvernd.

Reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglunga tekur til einstaklinga undir 18 ára aldri. Markmið hennar er að stuðla að skynsamlegri atvinnuþátttöku ungmenna og lögð er áhersla á að öryggi og andlegu og líkamlegu heilbrigði ungmenna sé ekki hættu búin og að vinna hafi ekki truflandi áhrif á menntun þeirra og þroska.

Í reglugerðinni og viðaukum hennar er fjallað um hvaða störf ungmenni mega – og mega ekki – vinna, hvernig vinnutíma skuli háttáð, ábyrgð atvinnurekenda og verkstjóra o.fl. Hægt er að nálgast reglugerðina á heimasíðu Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is.

Vinnueftirlitið, Vinnumálastofnun og Umboðsmaður barna vilja hvetja atvinnurekendur til þess að kynna sér efni hennar gaumgæfilega en jafnframt koma á framfæri ákveðnum ábendingum varðandi störf barna og unglunga:

- Skipuleggja þarf vinnu með hliðsjón af því að andlegu og líkamlegu heilbrigði ungmenna sé ekki hætta búin
- Meta þarf hugsanlega áhættu sem fylgir starfinu áður en það er hafið
- Gera þarf ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilbrigði.
- Kynna þær ráðstafanir fyrir ungmennunum og forráðamönnum þeirra.
- Tryggja þarf fullnægjandi kennslu og leiðbeiningar í upphafi starfs
- Tryggja viðeigandi eftirlit þjálfaðs fullorðins einstaklings

Þá ber að tryggja að starfsmenn sem ráðnir eru til starfa við afgreiðslukassa verslana hafi náð a.m.k. 15 ára aldri, þeir starfi undir eftirliti fullorðins og beri ekki fullgilda ábyrgð á uppgjöri kassa fyrir en við 18 ára aldur.

Jafnframt þarf að gæta þess að ungmenni við störf handleiki ekki þungar byrðar sem geta skaðað heilbrigði þeirra. Forðast skal að láta ungmenni lyfta þyngri byrði en 12 kg. Leiðbeina skal ungmennunum um réttar vinnustellingar og hreyfingar.

Ekki má ráða börn yngri en 13 ára til starfa því þau mega samkvæmt lögnum aðeins taka þátt í menningar- eða listviðburðum og íþróttá- eða auglýsingastarfsemi.

Þá ber atvinnurekandi ábyrgð á því að almenn ákvæði um vinnu- og hvíldartíma séu haldin. Í lögnum er þó víða að finna undanþágur frá þeim.

Vinnutími Almennar reglur	Börn 13 -14 ára	Börn 15 ára í skyldunámi	Unglingar 15 -17 ára
Á starfstíma skóla	2 klst. á dag 12 klst. á viku	2 klst. á dag 12 klst. á viku	8 klst. á dag 40 klst. á viku
Utan starfstíma skóla	7 klst. á dag 35 klst. á viku	8 klst. á dag 40 klst. á viku	8 klst. á dag 40 klst. á viku
Vinna bönnuð	kl. 20-6	kl. 20-6	kl. 22-6
Hvíld	14 klst. á sólarhring 2 dagar á viku	14 klst. á sólarhring 2 dagar á viku	12 klst. á sólarhring 2 dagar á viku

Meðfylgjandi er veggspjald þar sem fram koma gildandi reglur um vinnu barna og unglunga. Nauðsynlegt er að þessar reglur séu aðgengilegar öllum á vinnustað.


Vinnueftirlitið annast eftirlit með framangreindri reglugerð og fylgist með því að ákvæði hennar séu haldin. Vegna evrópsku vinnuverndarvikunnar og aukinnar atvinnuþátttöku ungmenna má búast við aukinni áherslu á eftirlit með vinnu barna og unglunga sumarið 2006.

Með vinsemd og virðingu,

F.h. Vinnumálastofnunar:


Unnur Sverrisdóttir

Umboðsmaður barna:


Ingibjörg Rafnar

F.h. Vinnueftirlitsins:


Asa G. Ásgeirsdóttir



Evrópska vinnuverndarvikan 2006 helguð ungu fólki og vinnuvernd.